

Nd.

31. Frumvarp til laga

um raforkuveitusjóð.

Flm.: Pétur Ottesen.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist raforkuveitusjóður. Tilgangur sjóðsins er að veita hagkvæm lán til að gera orkuver og raforkuveitur í héruðum landsins.

2. gr.

Til raforkuveitusjóðs leggur ríkissjóður 100 þús. kr. árlega.

3. gr.

Raforkuveitur, sem reistar hafa verið og reistar verða og hafa vatnsafl til orkuframleiðslu, skulu greiða til raforkuveitusjóðs eftir þessum reglum:

- a. Fyrstu 5 árin greiðist 1 kr. á ári á hvert kilóvatt í málraun rafals í hverri vélasamstæðu.
 - b. Næstu 5 árin greiðast 2 kr. á ári.
 - c. Þriðju 5 árin greiðast 4 kr. á ári og úr því 8 kr. á ári.
- Gjald þetta greiðist þó ekki af vélasamstæðum, sem hafa minna afl en 150 kw.

4. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefir á hendi ákvarðanir um lán úr raforkuveitusjóði, að fengnum tillögum trúnaðarmanna ríkisstjórnarinnar um rafveitumál, og annast stjórn hans og rekstur fyrir þóknun, er ráðherra ákveður með samkomulagi við stjórn bankans. Þóknunin greiðist úr sjóðnum.

5. gr.

Lán úr raforkuveitusjóði mega nema allt að $\frac{1}{5}$ stofnkostnaðar orkuvers eða orkuveitu, og má lánstíminn vera allt að 30 ár. Lán mega vera afborgunarlaus fyrstu 5 ár lánstímans, og skulu vextir vera 3% — þrír af hundraði — á ári.

6. gr.

Til tryggingar fyrir lánnum úr raforkuveitusjóði skal vera orkuverið og orkuveitan sjálf og aðrar þær tryggingar, sem ráðherra tekur gildar, svo sem ábyrgð sýslu-, bæjar- eða sveitarfélags.

7. gr.

Raforkuveitusjóður skal undanþeginn öllum sköttum og gjöldum til ríkis, bæjar- og sveitarfélaga.

8. gr.

Nánari ákvæði um starfrækslu sjóðsins og lánveitingar úr honum setur ráðherra í reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi lágu fyrir í frumvarpsformi tvennskonar tillögur um að stofna sjóð, er hefði það markmið að veita lán til að gera orkuver og rafveitur í héruðum landsins. Í frv. því um þetta efni, sem Thor Thors, þingmaður Snæfellinga, var fyrsti flutningsmaður að, var lagt til, að sjóður þessi yrði stofnaður með þeim hætti, að ríkið legði fram árlega a. m. k. 50 þús. kr. á næstu 10 árum. Í hinu frv., sem Skúli Guðmundsson, þingmaður Vestur-Húnavetninga, var fyrsti flutningsmaður að, var hinsvegar gert ráð fyrir því að byggja sjóðinn upp þannig, að nokkurt fé yrði veitt í fjárlögum í þessu skyni, en auk þess yrði lagður skattur á skuldir þeirra rafveitufyrirtækja, sem njóta ríkislána eða ríkisábyrgðar fyrir lánnum, og átti skatturinn að vera nokkurskonar endurgjald fyrir þessa aðstoð. Bæði þessi frv. voru borin fram í neðri deild. Við meðferð málsins kom það brátt í ljós, að skoðanir deildarmanna voru allskiptar um þann þáttinn í tekjuöflun handa sjóðnum, sem að því laut að leggja skatt á rafveitufyrirtæki. Eins og ekki síður voru skiptar skoðanir um þá aðferð, sem samkvæmt þessu átti að viðhafa við álagningu skattsins, — að miða hann við skuldir fyrirtækjanna. Litu margir svo á, að þessi aðferð væri óheppileg og óhagkvæm fyrir báða aðila. Gagnvart skattgreiðendunum kom þetta þannig út, að skatturinn kom þyngst niður á fyrirtækjunum meðan þunginn af lánunum var mestur og aðstaðan af þeim ástæðum og öðrum til þess að fá rönd við reist erfiðust. En gagnvart sjóðnum hinsvegar var það svo, að þegar búíð var að greiða lánin, þá féll skatturinn niður og sjóðurinn missti af tekjunum fyrir fullt og allt. Mín skoðun var og er sú, að réttmætt sé, að stærri rafveitufyrirtækin greiði ásamt ríkissjóði árlega nokkurn skatt í slíkan sjóð sem þann, er hér um ræðir. En hinsvegar væri sjálfsagt að finna það form fyrir skattinum, að hann yrði ekki til þess að valda miklum erfiðleikum fyrir fyrirtækin meðan þungt væri undir fæti hjá þeim, en gæfi þó sjóðnum sem drýgstar og varanlegastar tekjur.

Ég flutti því breytingartillögur um þetta atriði, sem reistar eru á þessum grundvelli. Samkvæmt þeim tillögum er skatturinn lágur fyrstu árin, en smáhækkar að settu marki, eftir því sem afkoma fyrirtækisins að eðlilegum hætti batnar, og verður skatturinn með þeim hætti vaxandi og varanlegur tekjustofn fyrir sjóðinn.

Þessi breytingartillaga mín varð til þess að greiða götu þessa máls í neðri deild á síðasta þingi; hún var samþ., nokkuð breytt að vísu að því er skatthæðina snertir, og tekin upp í frv. Thors Thors, en það var, þannig breytt, afgreitt til efri deildar, en þar dagaði málið uppi.

Breytingar þær, sem gerðar voru af fjárhagsnefnd neðri deildar á þessum tillögum mínum, miðuðu að því að draga nokkuð úr skattinum frá því, sem ég lagði til, þannig að fyrirtækin yrðu skattfrjáls fyrstu þrjú árin og að skatthæðin færi aldrei upp úr 6 kr. á ári fyrir hvert kílóvatt í málraun rafals í hverri véla-samstæðu, í stað 8 kr., sem var hámark skattsins samkv. mínum tillögum.

Þeir rafmagnsverkfræðingarnir Steingrímur Jónsson og Jakob Gíslason, sem ég hafði ráðfært mig við um þetta mál, gerðu útreikning á því fyrir mig, hverju skatturinn á rafveitufyrirtækjum mundi nema samkvæmt mínum tillögum. Lítur sá útreikningur þannig út: Fyrstu 5 árin yrði skatturinn 31600 kr., næsta 5 ára tímabilið 46600 kr., þriðju 5 árin 75260 kr. og svo úr því 120360 kr. á ári, enda væru þá öll þau fyrirtæki, sem skatturinn átti að ná til samkv. tillögunum, kominn upp í hámark. Ný rafveitufyrirtæki, sem við bættust, yrðu vitanlega skattskyld samkv. sömu reglu.

Í þessu frv., sem ég nú flyt, hefi ég tekið upp aftur efni breytingartillagna-anna eins og ég flutti þær á síðasta þingi og hér hefir verið lýst, jafnframt því sem skýrt er frá gangi þessa máls þá. Ennfremur hefi ég hækkað um helming hið árlega framlag ríkissjóðs til raforkuveitusjóðsins frá því, sem var í frv. því, sem afgreitt var til efri deildar á síðasta þingi. Þá er og í þessu frv. haldið því ákvæði, að skatturinn taki ekki til rafmagnsstöðva, sem eru undir 150 kw. Að öðru leyti heldur þetta frv. mitt nú að mestu sömu ummerkjum og þá.

Með þessu frv. og þeirri tilhögun á stofnun raforkuveitusjóðs, sem í því felst — að ríkið veiti árlega ríflega fjárupphæð í sjóðinn og að stærri rafveitufyrirtæki greiði einnig árlega nokkurn skatt í þennan sjóð — er án alls efa stigið mikilsvert og merkilegt spor til nýrra og bættra möguleika til hagnýtingar rafmagns til almenningsþarfa úti um byggðir landsins. Það má hiklaust fullyrða, að það liggi í hlutarins eðli, að réttmætt sé, að úr hinum sameiginlega sjóði landsmanna, ríkissjóðnum, sé lagt fram nokkurt fé til þess að rafmagnnið geti orðið að sem mestum almenningsnotum. Það er hvorttveggja í senn hagsmunamál og menningarmál. Þá er það eins og ekki síður eðlilegt og sanngjarnt, að þau rafveitufyrirtækin, sem reist hafa verið í skjóli hinnar þeztu og hagkvæmustu aðstöðu til hagnýtingar rafmagnsins, veiti nokkurn stuðning til þess að þeir, sem búa við aðra og erfiðari aðstöðu í þessu efni, geti einnig, þó seinna verði, hagnýtt sér þessi gæði.

Hér er um að ræða samstarf og samhjálp, sem hefir mjög mikla menningarlega og þjóðhagslega þýðingu.